

SUÐURNES | GARÐUR | GRINDAVÍKI | REYKJANESBÆR | SANDGERÐII | VOGAR

# Heklan

## Ársskýrsla

2017



<b>Inngangur</b>	<b>2</b>
<b>Kynningarmál</b>	<b>5</b>
<b>Fræðslufundir og ráðstefnur</b>	<b>5</b>
<b>Nýsköpun og Ráðgjöf</b>	<b>9</b>
<b>Rannsóknir og þróun</b>	<b>10</b>
<b>Samstarfsverkefni</b>	<b>12</b>
Ímynd Reykjaness	12
Menningarlandið	15
Þjóðleikur	15
<b>Markaðsstofa Reykjaness</b>	<b>17</b>
Starfsmenn	17
Samstarfsaðilar í Markaðsstofu Reykjaness	17
Gæðamál og fræðsluáætlanir fyrir upplýsingamiðstöðvar og gestastofur	18
Samfélagsmiðlar	20
Vefsíður	21
Kynningarfundir innan svæðis og heimsóknir til ferðapjónustuaðila	23
FAM, Inspectionferðir og pre-/post-ferðir	23
Ferðasýningar, ráðstefnur og vinnustofur	24
Viðburðir	24
Styrkir	24
Ráðgjöf	25
<b>Reykjanes Geopark</b>	<b>26</b>
Aðild að EGN/GGN	26
Innlend samstarfsverkefni	26
Alþjóðleg samstarfsverkefni	27
Útgáfa og söluvörur	27
Geopark fyrirtæki	28
Gestastofur Reykjanes Geopark	30
<b>Uppbyggingarsjóður Suðurnesja</b>	<b>32</b>

## Inngangur

Heklan, Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja starfar skv. samningi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Byggðastofunnar.

### Markmið samningsins eru:

- Að skapa grundvöll fyrir markvisst samstarfs Byggðastofnunar og annarra stofnana iðnaðarráðuneytisins við atvinnulíf og mennta- og menningarstofnanir á Suðurnesjum um atvinnu- og byggðapróun. Að þessu verður unnið í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum og aðra stefnumótun iðnaðarráðuneytisins með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Samþætta áherslur ríkisins (sbr. t.d. Ísland 2020) og sameiginlegar áherslu á starfssvæði S.S.S.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðarþróunar milli samningsaðila.

Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja er rekið sem sérstök deild innan Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Félagið er skráð á kennitölu S.S.S.

Rekstur Markaðsstofu Reykjaness heyrir undir Hekluna og stjórn hennar er jafnframt stjórn Heklunar en þar eiga sæti fulltrúar í Ferðamálasamtökum Reykjaness. Markaðsstofa Reykjaness starfað náið með Reykjanes Geopark en starfsmaður verkefnisins heyrir undir Hekluna.


### Stjórn

- Formaður Kjartan Már Kjartansson Reykjanesbæ
- Varaformaður Magnús Stefánsson Garður
- Fannar Jónasson Grindavík
- Sigrún Árnadóttir Sandgerði
- Ásgeir Eiríksson Vogar
- Marta Jónsdóttir Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
- Guðjón Skúlason Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi
- Brynhildur Kristjánsdóttir Ferðamálasamtök Reykjaness

## Starfsmenn

Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri  
Björk Guðjónsdóttir verkefnastjóri  
Dagný Gísladóttir verkefnastjóri  
Eggert Sólberg Jónsson verkefnastjóri  
Puríður Halldóra Aradóttir verkefnastjóri  
Gunnar Hörður Garðarsson

## Skipurit



## Markmið

Fá svæði á Íslandi búa yfir jafnmiklum tækifærum til vaxtar og Suðurnes. Gjöfular auðlindir til lands og sjávar, góðar samgöngur, mikil náttúrufergurð, fjölsóttir ferðamannastaðir, öflugir innviðir, nálægð við höfuðborgarsvæðið og helsti alþjóðaflugvöllur landsins gera það að verkum að Suðurnes eru fyrsta flokks staður til búsetu og atvinnurekstrar. Framtíðarsýn okkar er að árið 2020 standi Suðurnes jafnfætis sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu í samkeppni um fólk og fyrirtæki.

## Ársskýrsla 2017

### Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja

Til að svo megi verða þarf að hlúa vel að atvinnulífi og íbúum svæðisins og snúa veikleikum þess upp í tækifæri. Suðurnes þurfa að vera umhverfis- og fjölskylduvænt samfélag, aðlaðandi og öruggt, þar sem saman fara öflugt atvinnulíf, blómlegt menningarstarf, framúrskarandi skólastarf og góður jarðvegur fyrir nýsköpun, frumkvæði og skapandi hugsun.

Verkefnin framundan eru að renna styrkum stoðum undir öflugt atvinnulíf til framtíðar. Fjölga þarf fjölbreyttum atvinnutækifærum og vel launuðum störfum og stuðla að samstarfi fyrirtækja og auka erlenda sem innlenda fjárfestingu í atvinnulífi á Suðurnesjum. Auðlindir Suðurnesja skulu nýttar á sjálfbæran hátt í sátt við umhverfið, atvinnulífi og mannlífi á Suðurnesjum til heilla.

Fjölga þarf tækifærum til náms og bæta frammistöðu nemenda á öllum skólastigum. Einnig ber að renna frekari stoðum undir háskólakennslu og rannsóknir á Suðurnesjum og vinna að tengingu þeirra við atvinnulífið. Fjölga þarf atvinnutækifærum fyrir háskólamenntað fólk.

Bæta þarf samgöngur enn frekar, innan svæðis og við höfuðborgarsvæðið og gera þær umhverfisvænni. Rétt er að horfa til uppbyggingar lestarsamgangna í þeim efnum. Efla þarf samvinnu sveitarfélaganna á svæðinu og bæta þjónustuna við íbúana enn frekar.

Vinna þarf að vexti og viðgangi öflugs menningarlífs með auknu samstarfi milli menningarstofnana, eflingu þeirra stofnana sem fyrir eru og fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar, lista og menningartengdrar ferðaþjónustu.

### Sóknaráætlun 2015 - 2019

Þann 10. febrúar 2015 skrifaði Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum undir samning við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarráðuneytið um Sóknaráætlun Suðurnesja fyrir árin 2015-2019. Markmið sóknaráætlunar er að ráðstafa þeim fjármunum sem ríkið hefur varið í atvinnu-, byggða- og menningarmál á Suðurnesjum í samræmi við stefnu sem landshlutinn mótar sjálfur á þessum sviðum.

Kjarninn í Sóknaráætlun Suðurnesja 2015-2019 og sú sýn sem vinna skal eftir, eru þær áherslur sem komu fram á fundi Samráðsvettvangs um Sóknaráætlun Suðurnesja sem fundaði í júní en þar tóku þátt í stefnumótum kjörnir fulltrúar og haghafar á Suðurnesjum.

Landshlutasamtökin settu upp Uppbyggingarsjóð í tengslum við sóknaráætlun og leysti hann af hendi verkefni Vaxtarsamnings Suðurnesja og Menningarsjóðs Suðurnesja. Uppbyggingarsjóður styður við menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni í samræmi við þau markmið sem sett voru í sóknaráætlun. Skipað var í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs og fór fyrsta úthlutun fram þann 15. Júní 2015. Úthlutað var úr sjóðnum fyrir árið 2016 í marsmánuði. Úthlutunarnefndin ákvað að úthluta 45 milljónum til 35 verkefna.

## Kynningarmál

### Verkefnastjóri Dagný Gísladóttir

Heklan miðlar upplýsingum til hagsmunaaðila á starfssvæði er snúa að nýsköpun og atvinnuþróun og veitir jafnframt upplýsingar um svæðið.

### Upplýsingavefur

Upplýsingar um starfsemi Heklunnar eru veittar á slóðinni heklan.is en þar er jafnframt haldið utan um gagnasafn er varðar greiningu á svæðinu. Á vefnum er hægt að panta viðtal við ráðgjafa, skrá sig á viðburði á vegum Heklunnar, fylgjast með styrkjum í auglýsingaferli og skrá sig á póstlista.

Gestir janúar 2017 - janúar 2018 voru 1.958 sem er 22,82% fækkun frá síðasta ári þegar gestir voru 2.537 en á móti kemur að 2,54% fleiri gestir skoða fleiri síður á vefnum og 41,15% fleiri gestir eyða meiri tíma á vefnum.

### Samfélagsmiðlar

Heklan er á Facebook og miðlar þar reglulega upplýsingum. Keyptar eru auglýsingar þar til þess að kynna sérstaklega viðburði og fræðslu á vegum Heklunnar.

### Heklupóstur

Rafrænt fréttabréf Heklunnar er sent úr reglulega á yfir 300 netföng og hefur 25% lestur sem er yfir meðaltali. Veittar eru uppl. um styrkjamöguleika, námskeið og fyrirlestra sem og nýsköpun á svæðinu.

## Fræðslufundir og ráðstefnur

Heklan stendur reglulega fyrir kynningarfundum og fyrirlestrum. Má þar nefna fyrirlestra og fróðleik fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki, fyrirtæki í ferðaþjónustu og kynningu á Reykjanes jarðvangi. Að auki eru haldnir reglulega kynningarfundir vegna ýmissa verkefna sem heyra undir Hekluna. Stærri fundir eru sendir út beint og eru glærur og upptökur aðgengilegar eftir fundinn.

## Haustfundur Heklunnar



Árlegur haustfundur Heklunnar var haldinn 27. október undir yfirskriftinni Nýsköpun á Suðurnesjum.

**Fyrirlesarar voru:** Hallgrímur Oddsson frá North Stack kynnti rannsókn á nýsköpun og frumkvöðlaumhverfi á Suðurnesjum, Björk Guðjónsdóttir kynnti Uppbyggingarsjóð Suðurnesja, Friðjón Einarsson formaður Eignarhaldsfélags Suðurnesja og Arnar Már Elíason forstöðumaður hjá Byggðastofnun og Svava Björk Ólafsdóttir verkefnastjóri Icelandic Startups.

### **Aðrir fundir og fyrirlestrar**

Kaupfélag Suðurnesja og Heklan, gerðu með sér samkomulag um sameiginlega fræðsludagskrá sem miðar að því að auka þekkingu og samkeppnisfærni á Suðurnesjum.

Boðið var upp á fjölbreyttar kynningar, námskeið og vinnustofur sem henta jafnt frumkvöðlum, fyrirtækjum í nýsköpun, fyrirtækjum í ferðaþjónustu, samtökum og almenningi sem vill bæta við sig þekkingu



**7. nóvember**

Hvernig nýtast samfélagsmiðlar fyrirtæki þínu?

**24. október**

Máttur hugans

**10. október**

Hvernig sæki ég um styrki?

**5. október**

Hvernig kemst ég í fjölmiðla?

**21. september**

Má bjóða þér lán? Viðtalstími lánasérfræðinga Byggðastofnunar

**27. janúar**

Hönnunar og tilraunasmiðja  
Hakkit, stafræn smiðja og MSS





## Fjölmiðlar

Heklan veitir upplýsingar til fjölmiðla þegar auglýst er eftir áhugaverðum nýsköpunarverkefnum á svæðinu. Hekluþóstur, rafrænt fréttabréf Heklunnar fer á alla fjölmiðla en að auki eru sendar út fréttatilkynningar vegna viðburða og nýsköpunarverkefni hafa verið sérstaklega kynnt hverju sinni t.d. við úthlutun styrkja. Stöðugt er unnið að því að kynna verkefni í fjölmiðlum.

## Nýsköpun og Ráðgjöf

Verkefnastjóri: Verkefnastjórar Heklunnar



Heklan veitir upplýsingar og leiðsögn fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki. Þar er á einum stað hægt að leita aðstoðar um allt sem við kemur viðskiptahugmyndum og þróun þeirra sem og almennum rekstri fyrirtækja. Leiðbeint er um gerð viðskiptaáætlunar, styrkjamöguleikar kannaðir sem og fjármögnun.

- Mikil aukning er í stofnun sprotafyrirtækja á sviði ferðapjónustu
- Verkefnum hefur fækkað en gæði hafa að sama skapi aukist
- Fleiri nýta sér upplýsingar og verkfæri á vefnum


## Rannsóknir og þróun

### Úttekt á umhverfi nýsköpunar og sprotafyrirtækja á Suðurnesjum

Heklan og Eignarhaldsfélag Suðurnesja létu vinna úttekt á umhverfi nýsköpunar og sprotafyrirtækja á Suðurnesjum en hún var gerð af fyrirtækinu Northstack.

Niðurstöður hennar voru kynntar á haustfundi Heklunnar þann 23. október þar sem kynnt var nýsköpun á Suðurnesjum.

Markmið skýrslunnar var að greina stöðu nýsköpunar á svæðinu og varpa ljósi á umhverfi og stöðu nýsköpunar- og sprotafyrirtækja á Suðurnesjum.



### Uppbyggingarsjóður - Sóknaráætlun Suðurnesja

Athygli vakti að fjöldi umsókna (og heildarfjárhæð þeirra) hefur dregist verulega saman á síðustu árum, eða frá því að vera 99 umsóknir árið 2015 í 55 árið 2017. Þetta telst áhyggjuefni enda minnka bersýnilega líkur á spennandi verkefnum ef umsóknum fækkar. Líklegasta skýringin á þessari þróun er lágt atvinnuleysi á svæðinu en þróunin er sambærileg á landsvísu.

### Umsóknir í Tækniþróunarsjóð

Síðustu þrjú ár – 2014 til 2016 – bárust 29 umsóknir frá Suðurnesjum og 9 þeirra voru samþykktar. Til samanburðar bárust 991 umsókn af landinu öllu og 245 voru samþykktar. Suðurnes áttu því tæplega 3% umsókna og 3.6% veittra styrkja. Á Suðurnesjum eru um 7.3% íbúa landsins svo það er gott tækifæri til að auka og efla umsóknir landshlutans í sjóðinn.

Umsóknir og veittir styrkir úr Tækniþróunarsjóði eftir landshluta

Landshluti	2014		2015		2016		Alls		
	Sótt	Styrkt	Sótt	Styrkt	Sótt	Styrkt	Sótt	Styrkt	Árangurshlutfall
Austurland	6	2	1	0	7	2	14	4	28,6%
Höfuðborgarsv.	196	46	240	75	420	95	856	216	25,2%
Norðurland eystra	11	2	7	2	19	1	37	5	13,5%
Norðurland vestra	2	0	1	0	9	1	12	1	8,3%
<b>Reykjanes</b>	<b>9</b>	<b>1</b>	<b>10</b>	<b>6</b>	<b>10</b>	<b>2</b>	<b>29</b>	<b>9</b>	<b>31,0%</b>
Suðurland	2	0	3	2	2	1	7	3	42,9%
Vestfirðir	4	3	2	1	4	0	10	4	40%
Vesturland	3	0	5	0	14	2	22	2	9,1%
Annað/óskráð	0	0	0	0	4	1	4	1	25,0%
Samtals	<b>233</b>	<b>54</b>	<b>269</b>	<b>86</b>	<b>489</b>	<b>105</b>	<b>991</b>	<b>245</b>	

Heimild: Rannís

Fyrirtæki styrkt af

Tækniþróunarsjóði	Styrkuppghæð alls	Ár
Íslenska Polyolfélagið	2,750,000	2008
Mekano	7,000,000	2015
Taramar	10,000,000	2015
Sif Cosmetics	37,500,000	2013-2016
Geosilica	40,000,000	2012-2015
Íslensk matorka	50,190,000	2010-2013
Bláa Lónið Hf	59,100,000	2005-2010
CRI	76,800,000	2008-2015
Orf Líftækni	173,144,444	2005-2013

Heimild: 1 Rannís

# Samstarfsverkefni

## Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi

Tengiliður: Björk Guðjónsdóttir

Samstarf Heklunnar og SAR er með þeim hætti að Heklan skipaði aðila í stjórn SAR. Fulltrúi Heklunnar er í samstarfsnefnd SAR ásamt framkvæmdastjóra SAR og fulltrúa ISAVIA. Verkefnahópurinn hefur haldið fjölda funda og mun halda þeim áfram á árinu 2017. Helstu verkefni hópsins hafa verið þróun á samstarfi fyrirtækja á Reykjanesi, tenging atvinnulífsins innávið og útávið með það að markmiði að efla atvinnu og minka atvinnuleysi á Reykjanesi. Á árinu 2017 mun samstarfshópurinn vinna að sömu markmiðum.

## Ímynd Reykjanes

Verkefnastjóri: Dagný Gísladóttir

# REYKJANES

VIÐ HÖFUM

GÓÐA SÖGU

AÐ SEGJA

Ímyndarverkefninu **Reykjanes - við höfum góða sögu að segja** var framhaldið og sýndi góðan árangur. Verkefnið er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlun Suðurnesja og hlýtur þaðan fjármagn. Verkefnið er samstarfsverkefni Sambands Sveitarfélaga á Suðurnesjum, fyrirtækja og sveitarfélaga. HN Markaðssamskipti vann verkefnið og var tengiliður samstarfsaðila á Reykjanesi.


### Samstarf

Áhersla var lögð á samstarf milli sveitarfélaganna þegar kemur að ímyndarmálum og funduðu fulltrúar sveitarfélaganna sem hafa með kynningar- og menningarmál að gera reglulega með verkefnastjóra, HN samskiptum, Markaðsstofu Reykjanes og Reykjanes Geopark. Þetta samstarf nýttist vel m.a. þegar fjölmiðlar óskuðu eftir áhugaverðu efni af svæðinu eða komu í heimsókn en þá lögðu allir fram tillögur um áhugaverð verkefni sem gerði fjölmiðlaumfjöllun mun fjölbreyttari en ella hefði orðið.

Þá urðu fleiri samstarfsverkefni til í kjölfarið og má þar nefna útgáfu bókar um Reykjanes í samstarfi við Reykjanes Geopark.

### Kynning

Áhersla var lögð á þrú samskipti og að koma jákvæðum fréttum af svæðinu í fjölmiðla. Einnig voru sagðar sögur af fólki á samfélagsmiðlum, auglýsingar voru keyrðar í sjónvarpi og staðið var fyrir myndaleiknum Sumar á Reykjanesi þar sem þátttekendur sendu inn myndir af Reykjanesi. Alls tóku 500 þátt og veitt voru verðlaun fyrir bestu myndirnar. Verkefnið var kynnt með myllumerkinu #godarsogur og það málað tímabundið á valda staði í bæjarfélögunum.



**Afar lukkuleg með uppbygginguna á svæðinu**  
„Áhugamálin mín spila þar stóran þátt en mér líður einmitt hvernig eins vel og í skitagallanum að huga um hestana mína- eða jú mögulega þegar ég er einhverstaðar upp á fellli hlaupandi um í náttúrunni.“

Hentugt þegar maður nennir...

Veröldin aðeins einfaldari hér

Gamli bærinn einstakur og fólk...

Hugguleg morgunstund í bílnu...

Mögnuð norðurljós á veturna o...

Öll fjölskyldan búsett í sömu...

### Mælingar

Samkvæmt mælingum Capacent sem gerðar voru frá 17. október - 17. nóvember 2017 (þátttökuhlutfall 58%) voru 70% jákvæðir í garð Reykjanes, 18% voru hlutlausir og 12% neikvæðir. Þótt niðurstöðurnar séu jákvæðar er Reykjanesið þó enn í botnsæti landshluta þegar mæld er ímynd en næst á eftir kemur höfuðborgarsvæðið með 81% jákvæða, 11% hvorki né og 8% neikvæða. Jákvæðast er viðhorfið til Norðurlands eða 89% jákvæðir, 10% hvorki né og enginn neikvæður.

Fram kom að 74% landsmanna hafði tekið eftir jákvæðri umfjöllun um Reykjanes og 68% landsmanna töldu að hún hefði haft áhrif. Mun færri tengdu félagsleg vandamál við Reykjanes og var munurinn 56% milli ára sem er jákvætt og eins töluðu 72% færri um illa rekið bæjarfélag sem má líklega rekja til bættrar fjárhagsstöðu Reykjanesbæjar. Helmingi færri töluðu um lágt menntunarstig og þá er viðhorf Suðurnesjamanna sjálfra mjög jákvætt sem er mikilvægt.

### Árangur

Á þeim tveimur árum sem verkefnið hefur verið í gangi eru tæplega 10% fleiri jákvæðir í garð Reykjanessins og 31% færri neikvæðir, 14% fleiri segja það koma til greina að búa á Reykjanesi og 50% segja að það komi sterklega til greina að búa á Reykjanesi. Þá hafa 10% fleiri áhuga á að starfa á svæðinu og 20% fleiri hafa mikinn áhuga á að starfa á svæðinu. Á aldrinum 18 - 24 ára eru 57% fleiri jákvæðir í garð svæðisins og á aldrinum 25 - 30 ára 23%. Á aldrinum 25 - 34 ára eru 45% fleiri jákvæðari í garð búsetu.

Alls birtust 200 jákvæðar fréttir í miðlum landsins um Reykjanesið en talið er að verðmæti umfjöllunar sé allt að 100x meiri en auglýsing (Michael Levine höfundur Pr Guerilla).

The collage features several newspaper articles and data visualizations. Key headlines include: 'Húsnæði í gættu' (Housing in care), 'Námsárangur fyrir framúr viltustu væntingum' (Academic success for the most ambitious), 'Komin úr skugga atvinnuleysis' (Unemployment hidden), and 'Risaáfangi í djúpbörnun á Reykjanesi' (Breakthrough in deep drilling on Reykjanessins). A large red graphic at the bottom of the collage states '200+ fréttir á árinu' (200+ news items in the year).


### Viðurkenning

Verkefnið var tilnefnt til Árunnar af ÍMARK 2018 fyrir árangursríkustu markaðsherferðina.

Samstarfsaðilar eru sammála um það að verkefnið hafi skilað góðum árangri og var ákveðið að halda því áfram 2018 enda efling ímyndar langhlaup.

## Menningarlandið

Tengiliður: Björk Guðjónsdóttir



Menningarlandið var að þessu sinni haldið á Dalvík og var ráðstefnan tileinkuð barnamenningu. Áhersla var lögð á menningu *fyrir* börn og menningu *með* börnum og var markhópurinn starfandi listamenn, menningarstofnanir, söfn og aðrir aðilar sem sinna barnamenningu. Aðalfyrirlesarar voru Tamsin Ace og Shân MacLennan frá menningarmiðstöðinni Southbank Centre í London. Ráðstefnan tókst í alla staði mjög vel og virkilega ánægjulegt að sjá mikinn áhuga fólks á barnamenningu og viljann til að efla barnamenningu á Íslandi.

## Þjóðleikur

Tengiliður: Björk Guðjónsdóttir

Þjóðleikur er leiklistarhátíð ungs fólks sem er haldin annað hvert ár. Verkefnið er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins, menningarráða landshluta og fleiri aðila á landsbyggðinni. Hvaða hópur ungmenna sem er getur tekið þátt í þeim landshlutum þar sem verkefnið er í boði. Einu skilyrðin eru að a.m.k. einn fullorðinn einstaklingur (yfir tvítugu) leiði hópinn, að meðlimir hópsins séu nógu margir til að setja upp leiksýningu og séu á aldrinum 13-20 ára.





Hver hópur setur upp eitt af þremur leikverkum sem hafa verið skrifuð sérstaklega fyrir Þjóðleik. Hóparnir frumsýna þegar þeim hentar í sinni heimabyggð.

Efnt var til fundar með skólastjórnendum á Suðurnesjum og forsvarsmönnum Þjóðleiks til að kynna verkefnið. Á fundinum kom fram áhugi einstakra skóla að taka þátt í verkefninu.

Verkefninu var því hrundið af stað og fékk verkefnið styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

Efnt var til veglegrar lokahátíðar þar sem hóparnir sýndu verkin sýn, sem var afrakstur mikillar vinnu. Allar líkur eru á að framhald verði á þessu verkefni og líklegt að fleiri skólar á Suðurnesjum taki þátt í verkefninu árið 2019.

# Markaðsstofa Reykjaness

Verkefnastjóri: Þuríður Aradóttir Braun



MARKAÐSSTOFA  
REYKJANESS

Markaðsstofa Reykjaness er drifkraftur þróunar ferðamála á Reykjanesskaganum og fyrsti snertiflötur í málefnum ferðaþjónustu á starfssvæðinu sem nær yfir sveitarfélögin fimm; sveitarfélagið Garð, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Sandgerði og Vogu. Markaðsstofa Reykjaness býr

yfir sérþekkingu og yfirsýn yfir málaflokkinn, ásamt því að hafa víðtæk tengsl innan svæðisins og við önnur landsvæði.

Meginhlutverk Markaðsstofu Reykjaness er að vekja athygli á Reykjanesinu sem áhugaverðum áfangastað fyrir ferðamenn á Íslandi. Starf og verkefni markaðsstofunnar eru margþætt en þau miða að því að samþætta og efla markaðs- og kynningarstarf fyrir ferðamál á svæðinu, stuðla að auknum tækifærum í greininni og ná í möguleg viðskiptasambönd og ferðamenn inn á svæðið og lengja dvalartíma þeirra.

Meðal verkefna Markaðsstofu Reykjaness er umsjón og útgáfa á sameiginlegu kynningarefni, bæklingum, vefsíðum, samfélagsmiðlum, skipulagning sýninga og önnur verkefni sem styðja við og efla ferðaþjónustu á svæðinu og styrkja ímynd þess.

## Starfsmenn

Þuríður Aradóttir er verkefnastjóri hjá Heklunni en jafnframt veitir hún Markaðsstofu Reykjaness forstöðu.

Nýr starfsmaður var ráðinn inn í febrúar vegna aukinna umsvifa í verkefnum markaðsstofunnar. Markmið með ráðningu starfsmannsins var að efla sýnileika áfangastaðarins í gegnum miðla markaðsstofunnar og Reykjanes Geopark og styðja enn frekar við samstarfsaðila og samstarfsverkefni innan svæðisins. Gunnar Hörður Harðarson var ráðinn inn sem verkefnastjóri markaðsstofunnar.

Þetta er fyrsta starfsár markaðsstofunnar með fleiri en einn starfsmann sem veitti markaðsstofunni aukinn kraft og aukinn sýnileika í öllum verkefnum.

## Samstarfsaðilar í Markaðsstofu Reykjaness

Þátttaka ferðaþjónustuaðila og annarra tengdra aðila er mikilvæg fyrir Markaðsstofu Reykjaness til að móta kynningarefni fyrir svæðið, fyrir móttöku ferðaskrifstofa og blaðamanna og til að vinna að frekari þróun ferðaþjónustunnar á svæðinu.

Ferðaþjónustuaðilar á Reykjanesi og aðrir aðilar sem þjónusta ferðamenn á svæðinu eiga möguleika á að gerast aðili að markaðsstofunni. Þannig gefst þeim kostur á að auka sýnileika sinn í öllu kynningarefni frá markaðsstofunni og Reykjanes Unesco Global Geopark auk annarar þjónustu sem kynnt er í landshlutabækling.

Aðilum í markaðsstofuna hefur fjölgað á hverju ári. Árið 2017 voru um 80 aðilar sem tóku þátt í starfi markaðsstofunnar. Þar er um að ræða fyrirtæki og stofnanir bæði innan og utan svæðisins, sem vilja efla hag áfangastaðarins.

### Gæðamál og fræðsluáætlanir fyrir upplýsingamiðstöðvar og gestastofur

Í desember 2015 ýtti Ferðamálastofa úr vör þróunarverkefni um endurskoðun upplýsingaveitu til ferðamanna þar sem talin var rík þörf á styrkingu stoðkerfis ferðaþjónustunnar. Niðurstaðan var sett fram í skýrslunni „*Þróunarverkefni um endurskoðun á upplýsingaveitu til ferðamanna - Áfangaskýrsla 1*“ [1] en þar eru settar fram tillögur að uppbyggingu nýs kerfis fyrir opinberar upplýsingaveitur yfir landið.

Í tillögunum var að finna skilgreiningar á einingum, hlutverki þeirra og ábyrgðarsviði og forgangsverkefnum fyrir árið 2017. Markaðsstofum landshlutanna, Höfuðborgarstofu og Safetravel var falið að vinna forgangsverkefnin áfram í samstarfi við Ferðamálastofu og unnið var út frá eftirfarandi málaflokkum:

- Öryggismálum
- Vefmálum og stafrænum upplýsingaveitum
- Gæða-, umhverfis- og fræðslumálum
- Merkingum og auðkennum

Forgangsverkefnið um gæða-, umhverfis- og fræðslumál var unnið af Markaðsstofu Reykjanes og Austurbrú í samstarfi við Hæfnissetur ferðaþjónustunnar. Verkefninu var skipt upp í tvennt, annars vegar skipulag fræðslumála og hins vegar gæða- og umhverfismál. Niðurstöðum verkefnisins var skilað inn í lok árs. Lokaafurðir verkefnisins voru starfaprófill fyrir þjónustufulltrúa í upplýsingamiðstöð, hæfnigreining til að meta fræðsluþörf og menntun starfsmanna á upplýsingamiðstöðvum og drög að starfsmannahandbók fyrir allar opinberar upplýsingaveitur og gestastofur á landinu.

### Áfangastaðaáætlun Reykjanes (DMP-Reykjanes)

Að frumkvæði Stjórnstöðvar ferðamála og Ferðamálastofu unnu allir landshlutar að áfangastaðaáætlunum fyrir sín svæði. Ein áætlun er unnin fyrir áfangastaðinn Reykjanes.

Áfangastaðaáætlun er sameiginleg viljayfirlýsing um hvernig skal stýra áfangastað yfir ákveðinn tíma, þar sem hlutverk mismunandi hagaðila eru skilgreind, þar sem fram kemur aðgerðaáætlun og hvernig auðlindum/björgum (e. resources) skal skipt. Áfangastaðaáætlun veitir íbúum

áfangastaðar besta mögulega tækifæri til að gera áætlun til framtíðar um að laða að þá ferðapjónustu sem þeir vilja og draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum.

Í áfangastaðaáætlanagerð felst að horfa á ferðapjónustu út frá víðu sjónarhorni og taka tillit til margra ólíkra hagaðila sem eiga hagsmuna að gæta í þróun staðarins. Áætlanagerðin tekur tillit til gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfisins og reynir að skapa jafnvægi á milli og fullnægja þarfir þessara fjögurra þátta. Áfangastaðaáætlunir gera íbúum kleift að ákveða hvernig þeir vilja að ferðapjónusta hafi áhrif á efnahag og samfélag þeirra og hvaða skref skuli taka í átt að því marki.

Áfangastaðaáætlun tekur á skipulagi, þróun og markaðssetningu svæðis auk þess sem að skilgreindar eru þær leiðir sem fyrirhugað er að fara við stýringu á hinum ýmsu ferlum sem ráða þróun atvinnugreinarinnar innan svæðisins: uppbyggingu, efnahagslegu vægi, þjónustupáttum o.s.frv.


Á árinu 2017 var unnið að því að taka saman þau gögn sem liggja fyrir um ferðapjónustu, uppbyggingu áningarstaða og markaðssetningu svæðisins. Um var að ræða rannsóknir, skýrslur, stefnur og töluleg göng sem safnað hefur verið um svæðið. Þá var Hvíta húsið fengið til að vinna að markaðsgreiningu fyrir svæðið sem nýtist inn í áætlunina þegar hún liggur fyrir og sem kemur til með að liggja til grundvallar við hönnun á áfangastaðnum Reykjanesi og gerð markaðáætlunar fyrir svæðið. Þá var jafnframt unnin hagaðilagreining ferðapjónustunnar á svæðinu til að vinna út frá og virðiskeðja hennar.

Samkvæmt áætlun liggur fyrsta útgáfa af áfangastaðaáætlun fyrir í lok apríl 2018. Þá er mikilvægt að hafa það hugfast á áfangastaðaáætlun er lifandi skjal sem þarf að uppfæra og endurskoða reglulega í takti við breyttar forsendur ofl.

### **Kynningarmál**

Markaðssetning áfangastaðarins Reykjanes er eitt af meginverkefnum markaðsstofunnar og snýr að mismunandi markhópum og þar af leiðandi þörf að leita leiða í gegnum mismunandi miðla til að ná settum markmiðum.

Markaðsstofan hefur skilgreint snertifleti og hlutverk sitt í markaðssetningu og sem áhrifavaldar í ákvörðunarferli ferðamannsins. Gagnvart ferðamanninum, hvort sem um er að ræða innlandan eða erlendan aðila, reynir markaðsstofan að hafa áhrif á hann í ferlinu þegar viðkomandi er að láta sig dreyma um ferðalagið og á meðan hann er að plana ferðina. Með þessu móti er markaðsstofan jafnframt að aðstoða sína samstarfsaðila við að selja sínar vörur og þjónustu. Með góðri og ábyrgri kynningu á svæðinu eykst áhuginn á að ferðamenn vilji kynna sér svæðið betur, upplifa það sem það hefur uppá að bjóða og jafnframt getur kynning og deiling á þeirra efni verið staðfesting á því að viðkomandi hafi valið rétt.



Myndir: Snertifletir markaðsstofunnar í markaðssetningu áfangastaðarins.

### Samfélagsmiðlar

Markaðsstofan er með og rekur aðgang að nokkrum samfélagsmiðlum. Á árinu var settur aukinn kraftur í alla miðla markaðsstofunnar og unnið í því að skilgreina notkun og hlutverk þessara miðla út frá mismunandi markhópum. Í lok árs voru fylgjendur á samfélagsmiðlum áfangastaðarins 7.163, sem er 60% fjölgun fylgjenda frá árinu 2016.

Eftirfarandi samfélagsmiðlar eru virkir í nafni markaðsstofunnar, Visit Reykjanes og Reykjanes Geopark og í umsjá verkefnastjóra markaðsstofunnar:

- Instagram #VisitReykjanes #Reykjanes #ReykjanesGeopark: Fylgjendur 1.099
- Twitter @visitreykjanes: Fylgjendur 2.578
- Facebook /visitreykjanes: Fylgjendur 3.134
- Facebook /MarkadsstofaReykjaness: Fylgjendur 352
- Facebook /ReykjanesGeopark: Fylgjendur 3,921

Hver samskiptagátt hefur sitt sérkenni og sína persónulegu rödd sem hefur verið skilgreind til þess að ná að styrkja sérkenni hvers miðils og ná þannig betri tengslum við notendur samfélagsmiðla:

#### Visit Reykjanes:

- Skemmtileg og hress
- Notar broskalla

## Ársskýrsla 2017

### Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja

- Frjálsglegar deilingar
- Opin og spennt
- Talar ensku

#### Reykjanes Geopark:

- Yfirveguð
- Náttúru og dýravinur
- Fræðandi skemmtilegur nörd
- Notar mun minna broskalla
- UNESCO dagar
- Vinasamband við jarðvanga
- Talar íslensku og ensku

#### Markaðsstofa Reykjaness:

- Yfirveguð
- Upplýsandi
- Talar til fyrirtækja/ferðaþjónustunnar
- Talar þó líka til Íslendinga almennt
- Talar íslensku

## Vefsíður

Markaðsstofa Reykjaness rekur nokkra vefsíður og lén sem eru skilgreint betur hér að neðan.

Visitreykjanes.is: Upplýsingasíðan visitreykjanes.is er megin upplýsinga og þjónustusíða ferðaþjónustunnar á Reykjanesi. Síðan er á ensku og íslensku. Vefurinn er tengdur gagnagrunni Ferðamálastofu og vinnur markaðsstofan jafnt og þétt að uppfærslu á svæðisvísu. Unnið verður að uppfærslu á síðunni í samstarfi við markaðsstofur landshlutanna, þar sem ráðist verður í mikilvægar breytingar og uppfærslur til að gera vefinn enn notendavænni. Um 155 þúsund notendur nýttu sér vefinn á árinu sem er aukning um 26% frá árinu áður.

Markaðsstofareykjaness.is: Síðan vísar á innri vef Markaðsstofu Reykjaness með það að markmiði að bæta aðgengi ferðaþjónustuaðila að upplýsingum og verkefnum sem eru í gangi hverju sinni. Inn á vefsvæðið eru settar inn fréttir sem tengjast verkefnum markaðsstofunnar og framvindu þeirra og upplýsingum um starfsemi stofunnar. Þá eru þar settar inn fréttir og viðburðir sem snerta samstarfsaðila og ferðaþjónustu á svæðinu.

Sveitarfélagasíður: Inn á vefsvæði visitreykjanes.is hefur verið unnið að því að setja upp sérstakar sveitarfélagasíður sem sía út efni á vefnum sem tengist hverju sveitarfélagi fyrir sig. Markaðsstofan fjárfesti að því tilefni í lénunum, visitkeflavik.is, visitreykjanesbaer.is, visitvogar.is, visitgardur.is og visitsandgerdi.is. Á árinu 2018 verður unnið að því að klára uppsetningu og skipulag á þeim síðum í samstarfi við sveitarfélögin.

Reykjanesgeopark.is: Starfsmenn markaðsstofunnar hafa aðgang að vefsvæði Reykjanes Geopark og vinna með vefinn og efni hans í samstarfi við jarðvanginn.

Mystopover.is: Markaðsstofan er eigandi lénsins mystopover.is. Unnið er að því að setja upp sérstakt vefsvæði fyrir hugmyndir að ferðum um Reykjanesið út frá þeim og tímaramma gesta. Vefsvæðið ætti að nýtast þjónustuaðilum við að finna lausnir að afþreyingu fyrir sína gesti innan svæðisins.

Fuglar á Reykjanesi: Markaðsstofa Reykjanes er samstarfsaðili í gerð fuglaskoðunarkorts og vefsvæðis fyrir fuglaskoðun á Reykjaneskaganum. Verkefnið er unnið í samstarfi við Þekkingarsetur Suðurnesja, Náttúrustofu Suðvesturlands og Reykjanes Geopark. Hannað var vefsvæði fyrir verkefnið sem sem verður opnað samhliða visitreykjanes.is og verður aðgengilegt á árinu 2018.

Gagnvirkir fræðslustígar á Reykjanesi: Markaðsstofan er þátttakandi í verkefninu „Gagnvirkir fræðslustígar á Reykjanesi: Google Maps í menntun, fræðslu og markaðssetningu“. Verkefnið miðar að því að kortleggja og skilgreina stíga innan Reykjanes Geopark sem nýtast geta bæði til fræðslu almennings og kennslu. Verkefnið heldur áfram á árinu 2018.

Viðburðadagatal: Markaðsstofan vann að uppfærslu á nýju viðburðadagatali fyrir Sóknaráætlun Suðurnesja. Nýtt og uppfært viðburðadagatal verður neytendavænna og þægilegra til notkunar. Töf hefur verið á verkinu en áætlað er að viðburðadagatalið verði tilbúið í febrúar 2018. Þegar það opnar verður það kynnt innan svæðisins fyrir hagaðilum.

Blogg: Sett var upp bloggsíða til að kynna mannlíf og lífshætti svæðisins með mannlegum hætti. Unnið veður áfram með síðuna á árinu 2018, þar sem hún verður tengd betur inn á vefsvæði visitreykjanes.is og gestabloggarar virkjaðir til að skrifa um upplifun á svæðinu.

### **Bæklingar og útgáfa**

Landshlutabæklingur Reykjanes var útgefinn í maí. Bæklingurinn var prentaður í 30.000 eintökum og var honum dreift á allar helstu upplýsingamiðstöðvar um landið yfir sumartímann en áhersla var lögð á að dreifa bæklingnum á öll helstu hótél og bókuar- og upplýsingamiðstöðvar á Suð-Vesturluta landsins allt árið. Dreifing á bæklingum er unnin af starfsmönnum markaðsstofunnar og Bæklingadreifingu.

Þá var einnig gefið út borðkort af svæðinu með uppdráttum af öllum þéttbýliskjörnum á skaganum og því dreift á ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

Allar prentaðar útgáfur markaðsstofunnar er hægt að nálgast í Upplýsingamiðstöð Reykjanes í Duushúsum en þær eru einnig aðgengilegar á vefnum visitreykjanes.is og í gegnum issuu.com.

#### Fjölmiðlar

Markaðsstofa Reykjaness vinnur markvisst að því að efla fjölmiðlatengsl og jákvæðra kynningu á Reykjanesi í landshlutablöðum, erlendum og innlendum tímaritum, dagblöðum á landsvísu, útvarpi o.fl. eins og unnið hefur verið að á síðastliðnu ári.

Markaðsstofan metur fyrirspurnir sem berast skrifstofunni frá blaðamönnum, lífstílsbloggum og samfélagsmiðlafólki, aðstoðar við heimsókn þeirra og skipuleggur ferðir hvort sem það er á eigin vegum eða í samstarfi við Íslandsstofu og Markaðsstofur landshlutanna.

Settur var upp fjölmiðlapakki (showcase) á vefnum með myndum og myndböndum sem fjölmiðlar og ferðaskrifstofur hafa aðgang að til að nýta við að kynna svæðið. Auk þess sem skilgreind voru eðli erinda og umfang:

1. Upplýsingar og myndir
2. Ítarlegri upplýsingar / minniháttar skipulag
3. Blaðamannaferð

Um 50 erindi bárust markaðsstofunni frá fjölmiðlum um aðstoð við efnisöflun, blaðamannaferðir ofl. frá Norðurlöndunum, Þýskalandi, Spáni, Bretlandi, Rússlandi, Bandaríkjunum, Kanada og Frakklandi.

#### Fréttabréf

Markaðsstofan gefur reglulega út fréttabréf og sendir frá sér fréttaskot yfir árið í gegnum forritið mailchimp. Haldið verður áfram að senda það út reglulega og þegar tilefni er til. Þá leggur markaðsstofan til efni frá svæðinu til Íslandsstofu sem sendir reglulega út fréttabréf á sína tengiliði.

#### Kynningarfundir innan svæðis og heimsóknir til ferðaþjónustuaðila

Starfsmenn markaðsstofunnar í samstarfi við starfsmenn Reykjanes Geopark leggja sig fram við að heimsækja fyrirtæki á svæðinu ogeru fyrirtæki hvött til að láta vita af sér og þeim verkefnum sem þau vinna að.

Yfir árið voru reglulega haldnir hádegis- og/eða morgunverðarfundir í samstarfi við Hekluna og Reykjanes Geopark. Fundunum og námskeiðum er betur gert skil í fundarkaflanum um Hekluna en markmið þeirra var að fræða og efla þekkingu fyrirtækja á málefnum líðandi stundar.

#### FAM, Inspectionferðir og pre-/post-ferðir

Til að kynna svæðið fyrir innlendum og erlendum ferðasöluaðilum, blaðamönnum ofl. voru settar upp nokkrar FAM ferðir í samstarfi við ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

- Á árinu 2016 voru skipulagðar ferðir í tengslum við ferðakaupstefnurnar Mid-Atlantic í febrúar og Vest Norden í september.



- Skipulagðar voru 12 blaðamannaferðir um svæðið. Ferðirnar voru m.a. unnar í samstarfi við WOW air, Íslandsstofu, fjölmiðlafyrirtæki á vegum Íslandsstofu auk nokkurra ferða sem voru skipulagðar fyrir sjálfstæða blaðamenn/bloggara.
- Markaðsstofan aðstoðaði jafnframt fyrirtæki og ferðaskrifstofur að skipuleggja skoðunarferðir um Reykjanesið fyrir sína starfsmenn og í tengslum við ráðstefnur og viðburði sem haldnir voru á Reykjanesi og í Reykjavík.
- Þá stóð Markaðsstofa Reykjanes og Reykjanes Geopark fyrir náms- og kynnisferð um Reykjanesið fyrir starfsmenn upplýsingamiðstöðva og ferðaþjónustufyrirtækja á svæðinu í lok maí.

### Ferðasýningar, ráðstefnur og vinnustofur

Markaðsstofan tók þátt í nokkrum ferðasýningum og vinnustofum á liðnu ári. Sýningarnar og vinnustofurnar sem Markaðsstofa Reykjanes tekur þátt í miðast við til hvaða markhópa svæðið vill ná hverju sinni. Sýningar og vinnustofur sem markaðsstofan tók þátt í á árinu voru:

- Mannamót 2017 – 18. Janúar - samstarf Markaðsstofa landshlutanna
- Mid-Atlantic Reykjavík – 25.-26. febrúar
- Vinnustofa Íslandsstofu á vesturströnd USA - 19.-27. febrúar
- VestNorden Íslandi - 3.-5. október

### Viðburðir

Markaðsstofa Reykjanes stendur fyrir nokkrum árlegum viðburðum í samstarfi við markaðsstofur landshlutanna, Reykjanes Geopark og fl.

- Mannamót 2017 - 18. janúar. Vettvangur ferðaþjónustuaðila (samstarfsaðila markaðstofunnar) af landsbyggðinni til að kynna sína starfsemi fyrir starfsmönnum annarra ferðaþjónustuaðila, ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda. Viðburðurinn er samstarfsverkefni markaðsstofa landshlutanna.
- Vetrarfundur ferðaþjónustunnar á Reykjanesi - 15. mars 2017. Fundur um málefni ferðaþjónustunnar í samstarfi við Reykjanes Unesco Global Geopark.
- Kynnisferð fyrir starfsmenn ferðaþjónustuaðila á Reykjanesi í Geoparkviku í júní.
- Haustfundur markaðsstofa landshlutanna, 12. október 2017. Markmið fundarins er að fara yfir málefni sem brýnast liggja á ferðaþjónustunni á landsbyggðinni. Í ár var yfirskriftin: Ferðamaðurinn eða fjárfestingin - Hvort kemur á undan? Hægt er að nálgast erindin og myndir frá deginum inn á vefnum markadsstofur.is.

### Styrkir

Markaðsstofan er samstarfsaðili í nokkrum verkefnum sem hlutu styrki á árinu 2017. Meðal þeirra verkefna sem hlutu styrki voru; Fuglar á Reykjanesi og Gagnvirkir fræðslustígar á Reykjanesi. Þá kom markaðsstofan að nokkrum áhersluverkefnum fyrir Sóknaráætlun Suðurnesja sem snéru að markaðssetningu og uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

## Ráðgjöf

Eitt af hlutverkum markaðsstofunnar er að vera ráðgefandi fyrir fyrirtæki og einstaklinga á svæðinu. Starfsmenn markaðsstofunnar vinna að ráðgjöf og stuðningi við ferðapjónustuaðila, samstarfsaðila að MSR og fyrir Hekluna, Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja. Þónokkrir aðilar nýttu sér þessa þjónustu yfir allt árið, hvort sem um var að ræða stofnun nýs fyrirtækis í ferðapjónustu, markaðsaðstöð eða vöruþróun.

Þá situr Þuríður í ráðgjafanefnd Íslands/Byggðastofnunar vegna NPA styrkja (NORTHERN PERIPHERY AND ARCTIC PROGRAMME 2014-2020).

## Reykjanes Geopark

### Verkefnastjóri: Eggert Sólberg Jónsson

UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna viðurkenndi Reykjanes sem UNESCO Global Geopark árið 2015. UNESCO Global Geoparks eru svæði þar sem minjum og landslagi sem eru jarðfræðilega mikilvægar á heimsvísu er stýrt eftir heildrænni stefnu um verndun, fræðslu og sjálfbæra þróun.

Í UNESCO Global Geopark eru jarðminjar nýttar ásamt öðrum náttúru- og menningarminjum svæðisins til að vekja athygli og skilning á þeim brýnu úrlausnarefnum sem blasa við samfélagi okkar: Sjálfbærri nýtingu auðlinda, samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og hvernig draga má úr áhrifum náttúruhamfara.

Að baki RGP standa sveitarfélögin fimm á Suðurnesjum auk sex annarra hagsmunaðila. RGP hefur nokkur megin markmið:

- Auka vitund um svæðið, s.s. jarðfræði, menningu, sögu o.s.frv.
- Kynna ferðaþjónustu, fræðslu og rannsóknir
- Vinna að uppbyggingu og þróun innviða
- Þróa nýjar söluvörur

## Aðild að EGN/GGN

Reykjanes UNESCO Global Geopark vinnur einnig þvert á landamæri og er aðili að stóru alþjóðlegu tengslaneti í gegnum European Geoparks Network og Global Geoparks Network. Reykjanes Geopark hefur sinnt samstarfi á vettvangi á vettvangi EGN og UGG. Þannig sóttu Eggert Sólberg Jónsson og Sverrir Guðmundsson vorfund EGN Coordinaton Committee í Burren and Cliffs of Moher UNESCO Global Geopark á Írlandi dagana 23. og 24. mars 2017 og haustfund EGN Coordinaton Committee í Azores UNESCO Global Geopark á Asóreyjum 6. september 2017. Haustfundunum fylgdu jafnframt ráðstefnur með virkri þátttöku fulltrúa Reykjanes Geopark.

Reykjanes Geopark hefur reglulega skilað inn gögnum og áfangaskýrslum til samtakanna ásamt fréttum í fréttabréf þeirra. Reykjanes Geopark tekur þátt í starfi hópa innan EGN og vinnur m.a. hópur sem í eru eldfjallageoparkar í Evrópu að útgáfu bókar.

## Innlend samstarfsverkefni

Verkefnastjóri á sæti í stjórn Samráðsvettvangs íslenskra jarðvanga. Auk geoparkanna þriggja stendur fulltrúum tengdra stofnana og félagasamtaka til boða að sitja á samráðsfundunum. Gert er ráð fyrir því að samráðsvettvangurinn skili reglulega skýrslum til EGN/UGG. Mikilvægt er að auka skilning innan íslensku stjórnsýslunnar á hlutverki geoparka og hefur stjórn Reykjanes Geopark lýst því yfir að geoparkinn eigi að taka frumkvæði í því máli.

Samráðsvettvangurinn gaf út kynningarrit um geoparka á íslensku í júní 2017 með styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Um er að ræða þýðingu á riti sem UNESCO gaf út. Ritið er jafnframt aðgengilegt á vef Reykjanes Geopark.

Náttúrustofa Suðvesturlands hefur unnið mikið starf sem nýtist við útgáfu fuglaskoðunarkorts fyrir RGP. Kortið verður gefið út í samstarfi við Náttúrustofuna, Þekkingarsetur Suðurnesja og Markaðsstofu Reykjanes. Kortið verður jafnframt aðgengilegt á vefnum visitreykjanes.is.

Útivist í Reykjanes UNESCO Global Geopark var samstarfsverkefni Reykjanes Geopark, Bláa Lónsins og HS Orku hf sumarið 2017. Markmið verkefnisins var að kynna íbúum og gestum einstakt umhverfi í gegnum útivist, fróðleik og skemmtun.

Meðal viðburða sumarið 2017 var Jónsmessuganga Bláa Lónsins og Grindavíkur, hjólaferð í samstarfi við Þríprautardeild 3N, ganga um Eldvörp, fjöruferð með Þekkingarsetri Suðurnesja, gönguferð milli Sandgerðis og Garðskagavita, tónlistarganga í Höfnum með söng og hljóðfæraleik og ganga á Háleyjarbungu.

## Alþjóðleg samstarfsverkefni

Reykjanes Geopark tekur þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum eins og kostur er á hverju sinni. Hvert verkefni sem upp kemur er metið út frá hagsmunum svæðisins og geoparksins. Reykjanes Geopark er aðili að evrópska verkefninu Drifting Apart sem snýr að auknu samstarfi geoparka í Norður-Evrópu og Kanada sem byggja tilvist sína á flekaskilum. Verkefnið fékk styrk úr norðurslóðaáætlun ESB vorið 2015. Verkefnið hófst í júní 2015 og stendur í þrjú ár. Styrkurinn nýtist Reykjanes Geopark m.a. í þróun námsefnis, uppbyggingu innviða og fjölgun gestastofa. Reykjanes Geopark mun standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um jarðferðamennsku í lok febrúar 2018 í tengslum við verkefnið.

Alþjóðlegt net geoparka er stórt og tækifærin til samstarfs víða og á mörgum sviðum. Nokkuð hefur verið um að erlendir samstarfsaðilar heimsæki Reykjanes Geopark. Hæst ber að nefna fund norrænna geoparka sem að fram fór á Reykjanesi 14. febrúar 2017. Fundurinn tókst vel og er mikill vilji til þess að auka samstarfið, m.a. í menntamálum, markaðssetningu sem og innan EGN/GGN. Þá fór fram lítið málþing í Sandgerði í tengslum við komu Ralsko Geopark frá Tékklandi í ágúst 2017.

## Útgáfa og söluvörur

Reykjanes Geopark gaf út göngu- og útivistarkort í byrjun júní 2016. Unnið hefur verið að endurbótum á kortinu eftir þeim ábendingum sem borist hafa. Kortið verður endurútfært á næstu mánuðum. Í samstarfi við Þekkingarsetur Suðurnesja verður jafnframt gefið út fuglaskoðunarkort á sama tíma.

Leiðsögn um gönguleiðir er jafnframt aðgengileg í smáforritinu Wapp. Þar er að finna fjölmargar gönguleiðir, m.a. þrjár leiðir í boði Reykjanes Geopark. Tvær leiðanna eru á Reykjanesi en sú þriðja liggur um Hópsnes.

Líkt og undanfarin tvö ár hefur Reykjanes Geopark selt viðurkenningarskjöl til þeirra sem ganga yfir Brú milli heimsálfa í gegnum upplýsingamiðstöðvar á svæðinu. Árlega seljast um 1000 viðurkenningarskjöl og fer stór hluti þeirra til hópa sem pantað hafa fyrirfram.

## Samskipti við stjórnvöld

Stjórn RGP hefur bókaði á fundi sínum 20. janúar 2017 kröfu um að samræmis sé gætt við úthlutun fjármagns úr ríkissjóði. Reykjanes Geopark verður árið 2017 eina íslenska svæðið á listum UNESCO sem ekki er á fjárlögum.

## Geopark fyrirtæki

Stjórn RGP hefur samþykkt samningsform með það í huga að fyrirtæki fái leyfi til þess að nota merki Reykjanes Geopark í markaðssetningu. Verkefnið verður kynnt fyrirtækjum í byrjun október. Samhliða er unnið að útgáfu rafræns fræðsluefnis ætluðu starfsfólki fyrirtækja og útgáfu kynningarefnis. Verkefnið er styrkt af Sóknaráætlun Suðurnesja.

## Merkingar og aðgengismál

Reykjanes Geopark er ætlað að byggja upp áningarstaði til afþreyingar og fræðslu innan marka hans, auk þess að hafa samræmingarhlutverki að gegna varðandi merkingar og aðgengi. Lögð hefur verið áhersla á uppbyggingu yst á Reykjanesi, þ.e. við Brimketil, Valahnúk, Reykjanesvita, Gunnuhver og Brú milli heimsálfa.

Veturinn 2016-2017 var unnið að byggingu útsýnispalla við Brimketil auk þess sem útbúið var nýtt bílastæði. Um er að ræða fyrsta verkefnið sem Reykjanes Geopark hefur umsjón með allt frá deiliskipulagningu til framkvæmda.



Unnið hefur verið að gerð deiliskipulags fyrir Gunnuhver. Grindavíkurbær og Reykjanesbær hafa samþykkt skipulagið og hefur það verið sent Skipulagsstofnun til samþykktar. Skipulagið gerir ráð fyrir nýju bílastæði, gönguleiðum og stækkun útsýnispalla. Ráðist verður í framkvæmdir á

grundvelli skipulagsins haustið 2017. Jafnframt verða fræðslu- og aðvörunarskilti endurnýjuð. Á árinu 2017 var unnið að hönnun aðkomu að Brú milli heimsálfa og stækkun bílastæðis. Reykjanes Geopark skilaði inn tillögum vegna nýrrar áætlunar á vegum ríkisvaldsins um uppbyggingu ferðamannastaða er nefnist landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum sumarið 2016 og uppfærðum gögnum vorið 2017. Lögð er áhersla á að ljúka við þau verkefni sem undirbúin hafa verið undanfarin ár, þ.e. yst á Reykjanesi og uppbyggingu við Garðskaga.

Stjórnin RGP fjallaði um mikilvægi landvörslu á Reykjanesi og átti verkefnastjóri fundi með ráðherra, m.a. vegna þess. Landverðir Umhverfisstofnunar sinntu landvörslu í Reykjanes Geopark utan friðlýstra svæða frá miðjum september til loka desember 2017.

Árið 2016 voru settir upp umferðarteljarar á tveimur stöðum innan Reykjanes Geopark, þ.e. við Garðskagavita og Reykjanesvitaveg. Á árinu 2017 var fimm teljurum bætt við, þ.e. við Brimketil, Brú milli heimsálfa, Gunnhver að austanverðu, Keili og Ósaboðnaveg.

## Geoparkvika 29. maí -3. júní 2017

Reykjanes Geopark stóð í fimmta sinn fyrir geoparkviku 29. maí -3. júní 2017. Sambærilegar vikur eru haldnar í öllum evrópskum jarðvöngum um þetta leyti, en þeir eru nú 69 talsins. Markmið vikunnar er að bjóða upp á áhugaverða viðburði sem endurspeglar náttúru og mannlíf á Reykjanesskaga og kynna geoparkinn fyrir íbúum svæðisins.

Í Geoparkvikunni 2017 var m.a. boðið upp á kynnisferð fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu Fyrirtæki og einstaklingar voru hvött til þess að standa fyrir viðburðum og upptækum þessa vikuna. Reykjanes Geopark tæki að sér kynningu á þeim sem það vildu. Hæst bar opnun aðstöðunnar við Brimketil sem áður hefur verið fjallað um. Starfsfólk Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjaness buðu upp á umræður um verkefnin framundan bókasöfnin á svæðinu kynntu sérstaklega bækur sem fjalla um sögu, mannlíf, náttúrufar og útivist í Reykjanes Geopark og boðið var upp á tónleika í Garðskagavita. Þá var starfsfólki í ferðaþjónustu boðið uppá kynnisferð um Reykjanes Geopark. Loks fór Bláa Lóns þrautin fram í lok vikunnar.



Sérstök áhersla var lögð á að auka sýnileika Reykjanes Geopark og voru aðilar að verkefninu hvattir til að flagga fána félagsins í vikunni. Að mati stjórnar er mikilvægt að aðilar að verkefninu séu vakandi fyrir því að nýta vikuna í kynningum á viðburðum sem fara fram á þeim tíma.

## Gestastofur Reykjanes Geopark

Hafin er vinna við fjölgun Gestastofa Reykjanes Geopark með styrk úr Sóknaráætlun Suðurnesja en Reykjanesbær rekur í dag Gestastofu í Duushúsum. Settar verða upp svokallaðar „kaldar stöðvar“ þar sem þess er kostur. Um er að ræða mannlausar upplýsingaveitur þar sem nálgast má fræðslu, upplýsingar og svör við algengum spurningum. Markmið gestastofanna skal vera í samræmi við markmið EGN um sjálfbærni, þ.e. að draga úr efnahagslegum leka út af svæðinu, og verður því lögð áhersla á sölu á vöru og þjónustu sem innan geoparksins í gestastofunum.

Reykjanes Geopark hefur tekið þátt í vinnu Ferðamálastofu við þróunarverkefni um heildræna endurskoðun á málefnum upplýsingaveitu til ferðamanna. Uppbygging Gestastofa og áhersla á aukna landvörslu er í takt við niðurstöður þeirrar vinnu.

## Aukinn sýnileiki

Líkt og undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að auka sýnileika Reykjanes Geopark innan hans. Reykjanes Geopark hefur unnið með Markaðsstofu Reykjanes að útgáfu kynningarefnis fyrir svæðið í heild, m.a. handbók sem komið hefur út árlega undanfarin ár. Þá er Reykjanes Geopark áberandi á vef Markaðsstofunnar, [visitreykjanes.is](http://visitreykjanes.is) og eru geositestaðir merktir sérstaklega þar inn.

Vefur Reykjanes Geopark á Facebook er mjög virkur þar sem komið er á framfæri upplýsingum og fróðleik um svæðið. Reykjanes Geopark hefur náð ágætum árangri á samfélagsmiðlum með aukinni þekkingu á því sviði innan Markaðsstofu Reykjanes.

Fánar með merki Reykjanes UNESCO Global Geopark hafa verið aðgengilegir samstarfsaðilum undanfarin ár. Sérstaklega var hvatt til þess að þeim væri flaggað við gestastofur Reykjanes Geopark. Starfsfólk Reykjanes Geopark hefur fengið merktan fatnað frá 66°Norður með það að markmiði að auka sýnileika innan svæðisins auk þess sem starfsfólki Gestastofa Reykjanes Geopark stendur til boða að klæðast slíkum fatnaði. Starfsfólk í Reykjanesbæ og Grindavík hefur því verið merkt Reykjanes Geopark í sumar, og hafa önnur sveitarfélög verið hvött til að gera slíkt hið sama.

## Vetrarfundur ferðapjónustunnar á Reykjanesi

Markaðsstofa Reykjanes og Reykjanes Geopark buðu sameiginlega til fundar um ferðapjónustu og markaðssetningu í febrúar. Fundurinn var vel sóttur en þar var m.a. fjallað um tækifærin sem felast í því að vera geopark, markaðssetningu áfangastaða og virðiskeðju ferðapjónustunnar. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum og veitingahúsið Vitinn hlutu Hvatningarverðlauna ferðapjónustunnar á Reykjanesi 2017 en Johan D Jonsson Þakkarverðlaun ferðapjónustunnar á Reykjanesi 2017.





# Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Verkefnastjóri: Björk Guðjónsdóttir



**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURNESJA

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlun landshlutans. Sjóðurinn styrkir að jafnaði ekki meira en 50% af heildarkostnaði verkefna. Á vef Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, sss.is er hægt að nálgast allar upplýsingar sem umsækjendur um styrk þurfa á að halda við gerð umsókna. Á síðunni má einnig nálgast verklagsreglur og Sóknaráætlun Suðurnesja sem

umsækjendur þurfa að kynna sér við gerð umsókna.

Í samstarfi við stýrinefnd Sóknaráætlunar var hafist handa við að vinna sameiginlega umsóknargátt allra landshluta. Mikil vinna fólst í undirbúningi og innleiðingu umsóknargáttarinnar en það var fyrirtækið Prógramm sem tók verkefnið að sér. Í október 2017 var umsóknargáttin tilbúin og umsóknarferlið fyrir árið 2018 fór í gegnum Ísland.is. Vinnunni við verkefnið er þó engan veginn lokið. Stefnt er að því að öll samskipti við umsækjendur og styrkþega og skil á skýrslum fari í gegnum gáttina.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum annast umsýslu sjóðsins. Auglýst er opinberlega minnst einu sinni á ári, eftir umsóknum um styrki til verkefna, sem samræmast sóknaráætlun landshlutans.

Ár árinu 2017 voru umsóknir til sjóðsins 55 talsins. Hljóðuðu styrkbeiðnir upp á rúmlega 112 milljónir króna. Úthlutað var 43,6 m.kr. til 28 verkefna.

